

From: [Jóhannes Á. Jóhannesson](#)
Subject: Aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2023
Date: miðvikudagur, 5. apríl 2023 14:30:18
Attachments: [image001.jpg](#)
[Dagskrá aukaaðalfundar 2023.pdf](#)
[Fundarqögn vegna aukaaðalfundar kynning starfsnefndar apríl 2023.pdf](#)

Góðan dag,

Þessi póstur er sendur á aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga og stjórn.

Hér með er boðað til aukaaðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn verður í fjarfundabúnaði Teams föstudaginn 21. apríl klukkan 11:00.
Boðað er til fundarins til að staðfesta tillögur starfsnefndar samtakanna um ávinning af orkuvinnslu.

Gert er ráð fyrir að fundurinn standi í um eina klukkustund.

Í viðhengjum má finna dagskrá fundar og tillögur starfsnefndar.

Atkvæði aðildarsveitarfélags – Á aðalfundi fer hvert aðildarsveitarfélag með 1 atkvæði. Í þeim tilvikum þar sem þátttakendur frá einu sveitarfélagi eru fleiri þarf að liggja fyrir hver þeirra fer með atkvæði sveitarfélagsins.

Skráning á aðalfund – [Skráning fer fram hér.](#)

Í skráningu þarf að koma fram hvort viðkomandi fari með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.

Teams tengill verður sendur á þátttakendur þegar nær dregur.

Bestu kveðjur,



Jóhannes Á. Jóhannesson
iðnaðartæknifræðingur
Netfang: johannes.a.johannesson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.